



Félagsmál

Samþykkt fyrir húsnaðisnefnd

1. grein

Húsnaðisnefnd heyrir beint undir sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps.

2. grein

Í húsnaðisnefnd eiga sæti 5 fulltrúar, sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, laga um félagslegt húsnaði sveitarfélaga, samþykktar um stjórn og fundarsköp Vopnafjarðarhrepps. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

Á fyrsta fundi nefndarinnar kýs nefndin sér formann, varaformann og ritara.

3. grein

§ Nefndin annast úthlutun félagslegra leiguíbúða í eigu sveitarfélagsins og jafnframt annast hún úthlutun félagslegra íbúða í Sundabúð.

§ Nefndin skal að öðru leyti vera sveitarstjórn til ráðgjafar um félagslegt húsnaði í sveitarfélaginu.

4. grein

Húsnaðisnefnd kemur saman til fundar þegar henni hafa borist erindi til úrvinnslu. Nefndin skal þó eigi funda sjaldnar en 4 sinnum á ári.

Nefndin skal halda gerðarbók. Kjörinn ritari færir fundargerð í gerðarbókina. Í gerðarbók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitji hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Ritari kemur fundargerðum til sveitarstjóra sem hefur umsjón með ritvinnslu hennar og leggur hana fram með dagskrá næsta fundi hreppsnefndar.



5. grein

Formaður sér um boðun funda og stýrir fundum nefndarinnar.

Formaður og aðrir fulltrúar skulu snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt skuli fara skv. eðli máls eða lögum, hvort heldur sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Staðfest í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 2010.